Nesfréttir

APRÍL 2019 • 4. TBL. • 32. ÁRG. • www.borgarblod.is

Vesturbæjarútibú við Hagatorg

Opið
8-24
alla daga
Á EIÐISTORGI
HAGKAUP

SELTJARNARNESBÆR
www.seltjarnarnes.is

Nemendafélag Való fékk tvo þráðlausa hljóðnema

- fáum tækifæri til að gera flottari hluti, segir Jenný Guðmundsdóttir

Foreldrafélag grunnskóla Seltjarnarness færði nemendafélagi Valhúsaskóla á dögunum tvo þráðlausa hljóðnema og móttakara að gjöf. Gjöfin var vel þegin enda hafa nemendur skólans verið iðnir við að setja upp leikrit, söngleiki og aðra viðburði og munu þráðlausir hljóðnemar koma að góðum notum. Gjöfin kom á góðum tíma þar sem nemendur Valhúsaskóla frumsýndu árshátíðarleikrit sitt og söngleik, Rauðu mylluna, þann 10. apríl sl.

Jenný Guðmundsdóttir, formaður nemendafélagsins, tók við gjöfinni: ,,Það hefur verið draumur okkar í langan tíma að kaupa þráðlausa hljóðnema og við vorum ekkert smá ánægð þegar foreldrafélagið hafði samband við okkur og bauðst til að styrkja okkur. Hljóðnemarnir verða mjög mikið notaðir t.d. í söngvakeppnir, leikrit, ræðukeppnir, skemmtiatriði á böllunum og fleira. Með þessari gjöf fáum við tækifæri til að gera enn flottari hluti en við gerum nú þegar. Við getum útfært leik-, söng- og dansatriði á þá vegu sem við gátum aldrei með snúrur hangandi niður í gólf. Ég tala fyrir allt nemendafélagið þegar ég segi að við erum virkilega þakklát fyrir þessa gjöf og hlökkum til að sýna ykkur afrek okkar í framtíðinni".

Halldóra Guðmarsdóttir sem er í stjórn Foreldrafélag grunnskóla Seltjarnarness afhendir Jenný Guðmundsdóttur gjöfina góðu.

Foreldrafélagið óskar Valhýsingum til hamingju með þessa viðbót í félagsstarfið og hlakkar til að fylgjast með sköpun þeirra og framtakssemi.

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

HÚSNÆÐISÞJÓNUSTA ÍSLANDSBANKA

Netgreiðslumat Íslandsbanka er endurgjaldslaust til ársloka

Íslandsbanki

Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. **S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298**
RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Kristján Jóhannsson
BLAÐAMAÐUR: Þórður Ingimarsson **UMBROT:** Valur Kristjánsson
NETFANG: borgarblod@simnet.is • **HEIMASÍÐA:** borgarblod.is
Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Hvað tefur Bygggarða?

Helgi Magnússon ræðir meðal annars um íbúaþróun á Seltjarnarnesi í viðtali hér í blaðinu. Hann segir vanta fleira fjölskyldufólk í sveitarfélagið. Fólk með börn sem geti nýtt skólana og styrkt starf Gróttu.

Hann segir þetta stafa því að ungt fólk hafi ekki fengið tækifæri til þess að skapa sér heimili á Seltjarnarnesi. Ekki hafi orðið úr byggingaframkvæmdum við Bygggarða þar sem átt hafi að ráðast í allt að 500 manna byggð fyrir meira en áratug. Íbúðasvæði sem gert hefði gæfumun varðandi þróun byggðar og samfélags.

Hugmyndir um byggingar í Bygggörðum döguðu uppi við hrunið 2008 eins og margt annað. Í stað þess að knýja á um að koma þessu verkefni aftur af stað hefur lítið gerst. Nú meira en áratug síðar stendur enn á bæjaryfirvöldum að taka ákvörðum um uppbygginguna þótt hugmyndir um það verkefni hafi aftur fengið byr í seglin með nýjum framkvæmdaaðilum. Taka má undir með Helga og spyrja um hvað tefji Bygggarða.

Er unglingadrykkja að aukast?

Komið hefur í ljós að hlutfall nemenda í 8. og 9. bekk á Seltjarnarnesi sem hafa einhvern tíman drukkið áfengi hefur aukist verulega á undanförnum þremur árum.

Þetta er breyting frá árum áður því mjög góður árangur hafði náðst á Seltjarnarnesi hvað varðar drykkju og aðra vímuefnanotkun ungmenna.

Sá árangur náðist fyrst og fremst vegna samstöðu foreldra og samveru þeirra með börnum sínum og ungmennum. Nú virðist hafa dregið úr aðhaldi foreldra með fyrrgreindum afleiðingum. Nokkuð sem nauðsynlegt er að endurvekja.

Fyrstu íbúarnir flytja inn á Seltjörn hjúkrunarheimili

Á myndinni eru þær Halla S. Nikulásdóttir og Dóra María Ingólfsdóttir. Á bak við þær standa frá vinstri Kristín Sigurþórsdóttir, Teitur Guðmundsson, Svanlaug Guðnadóttir og Bjarnheiður Ingimundardóttir.

Fyrstu íbúarnir eru fluttir inn á Seltjörn nýja hjúkrunarheimilið á Seltjarnarnesi. Það eru heiðurskonurnar Halla S. Nikulásdóttir og Dóra María Ingólfsdóttir sem fluttu þangað 20. mars sl. þegar fyrsta álma þess var tekin í notkun og segja má að með því hafi starfsemi þess hafist.

Gert er ráð fyrir að 10 vistmenn flytji á hjúkrunarheimilið í fyrstu en alls er gert ráð fyrir 40 hjúkrunarrýmum þegar það verður full nýtt. En liggur ekki fyrir hvenær það verður að veruleika en það ræðst m.a. af því hvernig gengur að ráða starfsfólk til þess.

HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070

Finndu okkur á Facebook

Húsfélagaþjónusta
Eignaumsjón leiðandi í 17 ár

√ Bókhald og fjármál
√ Húsfélagafundir
√ Mínar síður
√ Húsbók þjónustusaga húss
√ Auk annarrar þjónustu

EIGNAumsjón www.eignaumsjon.is

Kjötkompaní

PÁSKAR

LAMBA-KÓRÓNA

OPNUNARTÍMI UM PÁSKANA

Hafnarfirði & Granda

MIÐVIKUDAGUR 17. APRÍL | 10:00 – 19:00
FIMMTUDAGUR 18. APRÍL | 10:00 – 17:00
FÖSTUDAGUR 19. APRÍL | LOKAÐ
LAUGARDAGUR 20. APRÍL | 10:00 – 17:00
SUNNUDAGUR 21. APRÍL | LOKAÐ
MÁNUDAGUR 22. APRÍL | LOKAÐ

www.kjotkompani.is 578 9700 kjotkompani@kjotkompani.is kjotkompani

Mundo og Fjallabak flytja í húsnæði póstsins á Eiðistorgi

Tvö ferðaþjónustufyrirtæki sem staðsett eru á Eiðistorgi eru að flytja. Þau fara þó ekki langt og verða bæði áfram á Torginu. Ástæða flutninganna er að þeim hefur boðist hentugra húsnæði.

Þetta eru ferðaskrifstofan Mundo sem verið hefur að norðan verðu á fyrstu hæð við hliðina á Vínbúðinni og Fjallabak sem er með starfsemi á hæðinni fyrir ofan þar sem rakarastofa var lengi til húsa. Þessi fyrirtæki hafa nú tekið á leigu það húsnæði þar sem Íslandspóstur var áður en starfsemi hans var flutt í Bændahöllina við Hagatorg. Fyrrum húsnæði póstsins verður skipt í tvennt þannig að hvert ferðaþjónustufyrirtæki fær sitt rými. Pósturinn var í rúmgóðu húsnæði þannig að starfsaðstaða Mundo og Fjallabaks mun batna til muna. Mundo rekur almenna ferðaþjónustu en Fjallabak hefur einkum staðið fyrir ferðum erlendra ferðamanna um Ísland og þá ekki síst hálendi þess og óbyggðir.

Áform eru um að Vínbúðin á Eiðistorgi muni stækka og nýta sér húsnæðið sem Mundo var áður til húsa.

PC og Apple
tölvuviðgerðir
Fullkomið tölvuverkstæði og margra ára reynsla og þekking fagmanna
TÖLVULAND
Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík
Sími 899 3417 · www.tölvuland.is

Systrasamlagið
Erum á Óðinsgötu 1
Sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid
Netverslun: systrasamlagid.is

Fimm flóttamenn frá Úganda til Seltjarnarness

Bæjarráð Seltjarnarnesbæjar hefur tekið jákvætt í erindi félagsmálaráðuneytisins um móttöku á allt að fimm flóttamönnum frá Úganda síðar á þessu ári en fólkið er staðsett í flóttamannabúðum í Kenía. Um er að ræða samfélagslega ábyrgð sem bærinn telur rétt að axla og ætlar að standa vel að þessu krefjandi verkefni en þetta er í fyrsta sinn sem Seltjarnarnesbær tekur á móti flóttafólki.

Bæjarráð hefur falið Ásgerði Halldórsdóttur bæjarstjóra að undirbúa málið sem m.a. felst í að gera samning við félagsmálaráðuneytið um nauðsynlega þjónustu og aðstoð, leita eftir húsnæði fyrir fólkið sem hingað kemur og ráða verkefnastjóra. Verkefnastjóri mun hafa með umsjón á móttöku flóttafólksins að gera og vera tengiliður bæði við ráðuneytið og Rauða krossinn sem verður til aðstoðar í þessum efnum. Móttaka flóttafólksins er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 12. október 2018 þar sem samþykkt var að bjóða allt að 75 einstaklingum, sem hafa stöðu flóttafólks samkvæmt Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, til Íslands árið 2019. Ríkisstjórnin ákvað að taka annars vegar á móti hinsegin flóttafólki frá Kenía og hins vegar sýrlensku fólki sem er í Líbanon. Markmiðið var að finna flóttafólkinu heimili í mismunandi bæjarfélögum og veitir ríkið þeim bæjarfélögum sérstakan stuðning til að mæta kostnaði. Mosfellsbær er eitt þeirra sveitarfélaga sem hefur þegar tekið á móti hópi flóttafólks í þessu verkefni auk þess sem Garðabær samþykkti nýverið að gera slíkt hið sama.

Vottað réttinga- og málningarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði vottað af Bílgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.

Tjónaskoðun
Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingafélaga.

Rétting og málning
Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.

Framrúðuskipti
Skiptum um framrúður og önnumst annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt límdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinsun á bíl.

Smáviðgerðir
Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

GB TJÓNAVIÐGERÐIR
Dragháls 6-8
110 Reykjavík
sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is
www.tjon.is

TOYO TIRES
driven to perform

Nesdekk – í næsta nágrenni við þig!

Réttu dekkin draga fram bestu eiginleika bílsins og veita hámarks öryggi.

Fáðu ráðleggingar fagmanna við val á réttum dekkjum.

Breiðhöfði 13
110 Reykjavík
590 2080

Fiskislóð 30
101 Reykjavík
561 4110

Grjóthálsi 10
110 Reykjavík
561 4210

Lyngási 8
210 Garðabæ
565 8600

Njarðarbraut 9
260 Reykjanesbæ
420 3333

Njarðarnesi 1
603 Akureyri
460 4350

NESDEKK
Síðan 1996

SNYRTUM GRÓÐUR VIÐ LÓÐAMÖRK

Fjölbreyttur garðagróður fegrar umhverfi Seltjarnarness og veitir íbúm skjól í görðum sínu. Þar sem gróðurinn vex með með hverju árinu er nauðsynlegt að huga vel að því að hann vaxi ekki út fyrir lóðamörk eða slúti þannig yfir að hætta sé af.



Gróður getur slegist í gangandi og hjólandi vegfarendur með tilheyrandi hættu á slysum. Einnig geta greinar skyggt á umhverðarmerki, götumerkingar eða götulýsingu.

Snyrta þarf gróðurinn og klippa þannig að umferð gangi greiðlega best er að gera það þegar tré og runnar eru ekki laufguð og greinabygging því vel sýnileg.

Stöndum saman um að minnka hættur í umhverfi okkar.

Steinunn Árnadóttir, garðyrkjustjóri
Sími: 8229 111

Lesið af list á lokahátíð stóru upplestrarkeppninnar

Nemendur Valhúsaskóla stóðu sig með prýði.

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar fór fram í Kirkjuhvoli, safnaðarheimili Vídalínskirkju í Garðabæ, miðvikudaginn 27. mars sl. Tólf nemendur af Seltjarnarnesi og úr Garðabæ tóku þátt í lokahátíðinni. Fyrir hönd Valhúsaskóla kepptu Agnes Sólbjört Helgadóttir og Jens Heiðar Þórðarson, en varamaður þeirra var James Eiríkur Hafliðason. Aðrir keppendur komu frá Alþjóðaskólanum, Álftanesskóla, Flataskóla, Hofsstaðaskóla og Sjálandsskóla.

Keppendur lásu texta úr skáldsögunni Þín eigin þjóðsaga eftir Ævar Þór Benediktsson, ljóð eftir Önnu Sigrúnu Snorradóttur og ljóð að eigin vali. Allir þátttakendur stóðu sig með prýði en úrslit keppninnar urðu þau að Inga Fanney Jóhannesdóttir, Sjálandsskóla, varð í 1. sæti, og Bjarki Óttarsson, Hofsstaðaskóla, í 3. sæti. Hátíðinni lauk með því að allir sem lásu fengu bókargjöf og sigurvegarar fengu peningaverðlaun og viðurkenningarskjal frá Röddum, samtökum um vandaðan upplestur og framsögn. Varamenn sem tóku fullan þátt í undirbúningnum voru einnig kallaðir upp á svið og fengu bókaverðlaun. Skólskrifstofur Seltjarnarnesbæjar og Garðabæjar hafa undanfarin ár átt samstarf um lokahátíðina og er hún haldin þriðja hvert ár á Seltjarnarnesi.

RECARO
Barnabílstólar í úrvali

SEAT FIX · AIR CIRCULATION SYSTEM · LIGHT WEIGHT · ECE NORM R 44/04 · HERO · ISO FIX · ADVANCED (SIDE) PROTECTION · 3 POINT BELT

BÍLASMIÐURINN HF
Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

FERSKUR FISKUR DAGLEGA
MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA
VERIÐ VELKOMIN

FISKBÚÐIN VEGAMÓT
Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opið virka daga kl. 10 - 18:30



Endurminningar Helga Magnússonar lýsa miklum átökum að tjaldabaki í íslensku viðskiptalífi og eru jafnframt saga af farsælum viðskiptum þriggja kynslóða í 117 ár. Hér er m.a. fjallað um Hafskipsmálið, átökin í Íslandsbanka fyrir Hrun, uppgjörið við Sjálfstæðisflokkinn þegar Viðreisn var stofnuð, átökin um lífeyrissjóðina o.fl. o.fl.

Bókina prýða hátt í 500 myndir.

Björn Jón Bragason, lögfræðingur og sagnfræðingur, skráir endurminningar Helga.

SKRUDDA

Frábær árangur í forvarnarstarfi

- en minna aðhald foreldra og aukin áfengisneysla unglinga helst í hendur

„Við höfum náð frábærum árangri í forvarnarstarfi á undanförnum árum og áratugum. Árið 1996 var stofnaður samráðshópur um forvarnir á Seltjarnarnesi, sem starfar enn í dag og hittist reglulega. Fulltrúar grunnskóla, frístundamiðstöðvar, íþróttafélags, foreldrafélags, tónlistarskóla, kirkju, félagsþjónustu og bæjarstjórnar eru í þessum hópi ásamt lögreglu svæðisins. Markmið hópsins er að skapa börnum og ungmennum umhverfi sem styður við heilbrigðan lífsstíll. Einn lykilþáttur í góðum árangri er aukin samvera barna og ungmenna með foreldrum sínum. Nú bregður svo við að dregið hefur úr aðhaldi foreldra og við sjáum aukningu í áfengisneyslu unglinga og annarri áhættuhegðun" segir Margrét Sigurðardóttir æskulýðs- og tómstundafulltrúi Seltjarnarnesbæjar.

Nýjustu niðurstöður úr mælingum Rannsókna & greiningar á lýðheilsu ungmenna á Seltjarnarnesi voru kynntar á fundi í félagsheimilinu á dögunum. „Foreldrum barna og unglinga í 7.-10. bekk í Valhúsaskóla var boðið til fundarins, ásamt kennurum skólans og fulltrúum í samráðshópi um forvarnir. Því miður voru allt of fáir foreldrar sem sáu sér fært að mæta, sem er slæmt þar sem við erum að sjá þróun sem vekur áhyggjur okkar sem til þekkja" segir Margrét.

Á eftirfarandi myndum má sjá að hlutfall nemenda í 8. og 9. bekk á Seltjarnarnesi sem hafa einhvern tíma um ævina drukkið áfengi hefur aukist verulega á undanförnum þremur árum.



Hlutfall nemenda í 8. bekk sem hafa einhvern tíma um ævina drukkið áfengi, árin 2009-2018.



Hlutfall nemenda í 9. bekk sem hafa einhvern tíma um ævina drukkið áfengi, árin 2009-2018.

Á sama tíma og hlutfall nemenda á unglingastigi sem neytt hefur áfengis eða notað hafa kannabisefni hefur aukist, hefur dregið umtalsvert úr samveru foreldra og barna á umræddum aldri.

„Foreldraröltið hefur nú verið endurvakið eftir þriggja ára hlé, en það er bæði gleðilegt og mikilvægt því röltið er sterkur hlekkur í forvarnarkeðjunni. Það er nauðsynlegt að foreldrar tali saman, þekki vini barna sinna og foreldra þeirra og sammælist um að halda löggiltum útivistartíma" segir Margrét.

„Að tala um átján ára ábyrgð er ekkert grín. Það hefur sýnt sig að því seinna sem ungmenni prófar áfengi eða aðra vímugjafa, þeim mun ólíklegra er að það lendi í vanda síðar á lífsleiðinni. Við höfum skilað af okkur unglingum út úr grunnskólanum í áraraðir sem ekki hafa bragðað áfengi eða prófað að reykja. Því miður hefur verið allt of algengt að þetta breytist á fyrsta ári í framhaldsskóla, en nú bregður svo við að ýmislegt gott er að gerast í forvörnum hjá framhaldsskólunum. Helsta breytingin er að foreldrar eru nú virkir í nýstofnuðum foreldrafélögum framhaldsskólanna og innan framhaldsskólanna starfa í dag félagsmála- og forvarnafulltrúar.

Rafrettur söluvara og börn að reykja

Á fundinum með fulltrúa Rannsókna & greiningar kom fram að rafréttur eru tiltölulega nýtt lyf á markaði, framleitt er til að hjálpa reykingafólki að hætta að reykja. Nú er svo komið hér á landi að rafrettur eru söluvara í sérverslunum og börn allt niður i 11 ára eru að prófa „að veipa". Er það miður þar sem að gríðalega góður árangur hefur náðst í forvörnum gegn reykingum á Íslandi. Áhrif rafretta á heilsu hafa lítið verið rannsökuð en þó er vitað að lungum er hvorki æltað að vinna úr olíu né bragefnum sem er í vökva rafrettna. Rannsóknir sýna að „veip" barna eykur áhættu á annari neyslu. Áfyllingarvökvi rafrettna er af ýmsum gerðum og hægt er að fá hann með „nammibragði", en svo eru líka verið að selja kanabis (hass og maríujana) vökva til veip- reykinga. Þann 1. mars 2019 tóku gildi lög um rafréttur og áfyllingar sem banna að selja eða afhenda einstaklingum yngri en 18 ára áfyllingar. Vonandi verða lög þessi til að veip-reykingar nái ekki fótfestu meðal barna og unglinga á Íslandi.

Niðurstöður mælinga á lýðheilsu ungmenna á Seltjarnarnesi má sjá í heild sinni á heimasíðu Seltjarnarnesbæjar: http://www.seltjarnarnes.is/media/felagsthjonustusvid/Seltjarnes_2018_-Loka.pdf

Garðatunnan
auðveldar þér garðvinnuna!

Garðatunnan er 240 lítra tunna sem íbúar gerast áskrifendur að.

Þú pantar Garðatunnuna á **www.gardatunnan.is**, fyllir út beiðni og tunnan verður send til þín. Hún er losuð á tveggja vikna fresti yfir sumarmánuðina og er hægt að sjá losunardaga á **www.gardatunnan.is**. Fáanleg í póstnúmerum: **101-113**, **121-172**, **200-225** og **270-276.**

21.3356-04.19

GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ

Berghellu 1 • 221 Hafnarfjörður • Sími 535 2510 • gamar@gamar.is • gamar.is

Þarf að merkja Ljóskastarahúsið

Eins og skýrt var frá í febrúar tölublaði Nesfrétta ákvað menntamálaráðherra að tillögu Minjastofnunar að friðlýsa svonefnt ljóskastarahús við Urð á Seltjarnarnesi. Ljóskastarinn var hluti af varnarbúnaði breska hersins við innsiglinguna að Reykjavík og tengdist einnig herskálahverfi sem var á Suðurnesi.

Fáa rekur enn minni til þessara atburða sögunnar á Seltjarnarnesi og vita því tæpast fyrir hvað þetta steinhús stendur eða til hvers það var notað. Svo var um vegfarendur sem áttu leið um Suðurnes á dögunum, virtu húsið fyrir sér og veltu því einnig upp í huganum af hverju það væri þarna. Í ljósi þess er rétt að koma þeirri ábendingu áleiðis að nauðsynlegt er að koma fyrir merkingum um hvað hús þetta er og til hvers það var notað. Þetta er eina húsið sinnar tegundar hér á landi en talsvert er um stríðsminjar á Seltjarnarnesi sem segja sögu þessara heimssögulegu atburða sem styrjöldin frá 1939 til 1945 var.

Ljóskastarahúsið við Urð er einstakt á Íslandi og mikilvæg heimild um hernámsárin.
Ljósmynd. Minjastofnun.

Viðtal við Helga Magnússon

Bæjarstjórnina skortir kjark og framtíðarsýn

- myndirnar sem skreyta viðtalið voru teknar á útgáfuhófi - Lífið í lit - Endurminningabók Helga Magnússonar

Helgi Magnússon sem lengi hefur búið á Seltjarnarnesi sendi nýlega frá sér endurminningar sínar, Lífið í lit, sem Björn Jón Bragason skráði. Hann kemur víða við í bókinni sem er yfir 500 blaðsíður og mikið myndskreytt. Bókin er hin áhugaverðasta og vönduð að allri gerð. Margt forvitnilegt kemur fram um sitthvað sem gerðist að tjaldabaki í viðskiptalífinu á Íslandi. Einnig er áhugaverð lýsing á samfélaginu á árunum frá 1950 og fram undir síðustu aldamót. Margar skemmtilegar sögur fljóta með sem auka á fjölbreytileika bókarinnar.

Áður en við spyrjum Helga um efni bókarinnar biðjum við hann að segja skoðun sína á samfélagi okkar hér á Seltjarnarnesi. Gefum honum orðið um það: "Senn eru liðin 40 ár frá því ég flutti á Nesið en fram að því hafði ég búið í vesturbæ Reykjavíkur, í miðju KR-hverfi, þó ég hafi verið Valsari alla ævi. Ég þekkti marga sem bjuggu á Seltjarnarnesi og létu vel af því. Ég greip því tækifæri sem bauðst og keypti mér raðhús í byggingu sem ég lauk við og lét innrétta eftir mínum óskum. Á þessum árum var bærinn rekinn af miklum myndarskap undir öruggri forystu Sigurgeirs Sigurðssonar. Ég tel að hann og þeir sem áttu þá sæti með honum í bæjarstjórninni hafi lagt grunninn að því trausta og öfluga samfélagi sem Seltjarnarnes er ennþá. Samfélagið býr enn að þeirri miklu uppbyggingu sem varð í tíð Sigurgeirs þó mér þyki lítið hafa bæst við frá því hann lét af störfum fyrir aldurs sakir og aðrir tóku við. Eftir tíma Sigurgeirs hefur skort þor og framtíðarsýn. Mér finnst það sorglegt því þetta bæjarfélag hefur afl til að gera mun betur en raun ber vitni."

Arna Einarsdóttir og Helgi t.h. með bróður Helga og mágkonu, Sigurði Gylfa og Tinnu Laufeyju, sem bæði eru prófessorar við HÍ.

Helgi Magnússon og Björn Jón Bragason bókarhöfundur.

Vantar yngra fjölskyldufólk inn í sveitarfélagið

Helgi segir Seltjarnarnesið státa af fyrirmyndarskipulagi að því er varðar samtengingu leikskóla, grunnskóla, íþróttastarfs og tómstundastarfsemi fyrir börn. "Þetta er allt á sama stað, leikskólinn, Mýrarhúsaskóli, Valhúsaskóli, Tónlistarskólinn, sundlaugin, íþróttahúsið, íþróttavöllurinn og Selið. Ég efast um að svona gott fyrirkomulag finnist í öðrum sveitarfélögum á Íslandi. Arna Einarsdóttir konan mín og ég höfum búið á Nesinu allan okkar búskap og alið hér upp þrjú börn sem öll hafa gengið í gegnum skólana, tómstundastarfið og íþróttirnar í Gróttu og líkað vel. Allar aðstæður fyrir fjölskyldufólk eru því góðar á Seltjarnarnesi. En það mætti hafa betri nýtingu á skólum og oft er kvartað yfir því að árgangar séu of litlir í skólunum og ég veit að sama gildir um árganga yngri iðkenda í Gróttu. Það vantar meira af yngra fjölskyldufólki inn í sveitarfélagið, það vantar fleira fólk með börn sem gætu notað skólana og stækkað árgangana í Gróttu."

Af hverju steig bæjarfélagið ekki inn í Bygggarðamálið

Og Helgi spyr sjálfan sig hvers vegna skyldi vanta fleira ungt fjölskyldufólk inn í sveitarfélagið núna og svarar um hæl. "Það er vegna þess að forystan í sveitarstjórninni hefur brugðist. Það hefur vantað lóðir fyrir nýbyggingar, það hefur vantað tækifæri fyrir ungt fólk til að koma sér fyrir á Nesinu. Þetta stafar ekki síst af því að ekki hefur orðið af byggingu íbúða á Bygggarðasvæðinu vestast á Seltjarnarnesi sem til stóð að ráðast í fyrir meira en áratug. Ef ég man rétt var búið að skipuleggja 500 manna byggð sem þar átti að rísa. Það er einmitt sá fjöldi íbúa sem hefði gert gæfumuninn varðandi þróun byggðar og nýtingu innviða á Nesinu. Þessi áform strönduðu við hrunið. Að mínu mati hefði bæjarstjórnin þá átt að stíga inn og tryggja það að þessum áformum yrði hrint í framkvæmd í stað þess að láta það viðgangast að þessi góðu áform fengju að leggjast í dvala hjá verktökum sem strönduðu með áform sín fyrir heilum áratug. Enn hefur ekki verið hafist handa um uppbyggingu á þessu áhugaverða svæði. Þarna skorti forystu af hálfu bæjaryfirvalda. Þau hafa ekki neinar handbærar afsakanir fyrir þessu sleifarlagi."

Tekið á móti Árna Oddi forstjóra Marels og Eyrúnu Magnúsdóttur.

Vil sjá enn meiri stuðning við Gróttu

"Ég gæti nefnt ýmislegt fleira sem betur hefði mátt fara varðandi grundvallarmál í sveitarfélaginu síðustu 10 til 15 árin. En ég ætla að láta nægja að bæta einu álitaefni við. Bærinn ver á hverju ári umtalsverðum fjármunum til stuðnings við íþróttastarfið í bænum. Ég geri ekki lítið úr því en ég tel að það megi gera enn betur og ganga enn lengra. Íþróttir eru besta forvarnarstarf sem völ er á gagnvart börnum, unglingum og ungu fólki. Um það er varla deilt. Sveitarfélög eru misvel stödd fjárhagslega. Yfirleitt er talað um að Seltjarnarnes sé eitt best stadda sveitarfélagið fjárhagslega ásamt

Seltirningurinn Ólafur Egilsson, Friðrik Sophusson og Helgi.

Birna Hafstein og Björgólfur Guðmundsson létu sig ekki vanta í útgáfuhófið.

með Garðabæ. Í ljósi þess hefði ég viljað sjá enn meiri metnað hjá okkur varðandi stuðning við Gróttu. Ég vísa til þess hve myndarlega Garðabær hefur stutt íþróttafélagið Stjörnuna á umliðnum árum og áratug. Það skilar sér í því að nú er Stjarnan með lið í efstu deild karla og kvenna í knattspyrnu, handbolta og körfubolta. Þarf að segja meira? Getum við ekki lært af þessu? Og annað dæmi: Vestmannaeyjar eru svipað bæjarfélag og Seltjarnarnes að íbúafjölda, um 4.500 íbúar. Hvers vegna eru þeir jafnan með lið í efstu deild karla og kvenna í knattspyrnu og handbolta? Það er vegna þeirrar stefnu sem þeir hafa þorað að móta varðandi stuðning við íþróttir. Okkur á Seltjarnarnesi er engin vorkunn," segir Helgi. "Við höfum efni á þessu eins og t.d. Vestmannaeyjar og Garðabær. En svo virðist sem það skorti djörfung, framtíðarsýn og forystu. Að mínu mati kallar það á nýja sýn - eða nýja forystu.

Hver endurminningabók er framlag til Íslandssögunnar

En snúum okkur þá að bókinni Lífið í lit. "Ég hafði aðeins velt því fyrir mér hvort ég ætti að láta skrifa endurminningar mínar og gefa út á bók. Ég hef alla tíð haft mikla ánægju af ævisögum og lesið fjölda þeirra. Mín kynslóð á að mestu eftir að koma fram og segja sögu sína. Ég tel það mikilvægt því hver endurminningabók er framlag til Íslandssögunnar - þó lítið sé. Þegar Björn Jón Bragason bauðst til að skrifa bókina þá ákvað ég að slá til. Hann er lögfræðingur og sagnfræðingur og mjög snjall rithöfundur að mínu mati. Ég treysti honum fyrir verkefninu og það reyndist rétt mat. Lífið í lit er sjöunda bók hans."

Réttarkerfið brást í Hafskipsmálinu

Hvað er fjallað um í bókinni. "Í bókinni er fjallað um ættir mínar og uppruna og svo tímann þegar ég var að alast upp á Melunum í Reykjavík. Þá fjalla ég einnig um skemmtileg ár í Versló og Háskólanum þar sem margar þekktar persónur koma við sögu. Fimmtungur bókarinnar fjallar um Hafskipsmálið sem ég tengdist en ég var endurskoðandi fyrirtækisins og lenti ásamt fleirum í talsverðum hremmingum eftir gjaldþrot fyrirtækisins. Í þessu máli brást réttarkerfi okkar með eftirminnilegum hætti. Ég hef litið á það sem borgaralega skyldu mína að upplýsa um gang þessa mistakamáls. Einnig fjalla ég um fleira sem ég hef tekið mér fyrir hendur í íslensku viðskiptalífi þar sem margt hefur gengið á síðustu tuttugu árin. Við Björn Jón reyndum einnig að gæta þess að birta ýmsar skemmtilegar sögur og frásagnir í bókinni til þess að efni hennar yrði sem fjölbreyttast. Þegar maður leggur út í að segja sögu sína er maður auðvitað hikandi. En ég sé ekki eftir því að hafa ráðist í verkið miðað við þær góðu og jákvæðu undirtektir sem bókin og við Björn Jón höfum fengið."

Línan frá Moskvu

- kafli úr bókinni Lífið í lit þar sem Helgi segir frá ferð til Rússlands



Helgi Magnússon var formaður Samtaka iðnaðarins frá árinu 2006 til ársins 2012. Haustið 2011 fór stjórn samtakanna í kynnisferð til Moskvu ásamt nokkrum öðrum úr íslenskum iðnaði. Hópurinn komst að ýmsu merkilegu í ferðinni. Meðal annars því að skattar voru þá miklu lægri í Rússlandi en á Íslandi í tíð vinstri stjórnarinnar. Helgi skrifaði grein um málið eftir að heim var komið og vakti máls á þessu. Þessi skrif vöktu talsverða athygli og ólund ýmissa vinstri manna. Um Moskvuheimsóknina er fjallað í meðfylgjandi kafla úr bókinni Lífið í lit.

Haustið 2011 fór ég í kynnisferð til Moskvu ásamt hópi manna úr íslenskum iðnaði. Við hittum þar forystumenn ýmissa fyrirtækja, stofnana og samtaka atvinnulífs. Það sem vakti mesta athygli mína í ferðinni var einlægur vilji viðmælenda okkar til að laða erlenda fjárfestingu til landsins. Margt hafði verið gert í þessu skyni, til dæmis var skattlagningu hagað þannig að áhugavert væri að starfrækja fyrirtæki í landinu. Hagvöxtur í Rússlandi var á þeim tíma um 4,5–5% á ári en ekki nema um 1–2% hér. Hann hefði þó þurft að vera um 5%. Rússarnir gerðu sér grein fyrir því að forsenda hagvaxtar og eflingar samfélagsins var fjárfesting og því höguðu þeir skattlagningu og rekstrarumhverfi fyrirtækja þannig að þar væri eftirsóknarvert að fjárfesta. Tekjuskattur einstaklinga gat þá mestur orðið 13% í Rússlandi en varð allt að 47% hér á landi. Ég lagði út af þessari heimsókn í Morgunblaðsgrein. Nú væri Moskva ekki lengur háborg sósíalisma og afturhalds á sviði viðskipta heldur einkenndu sósíalismi og afturhald íslenskt samfélag. Greininni lauk ég með þessum orðum:

„Sú var tíð að íslenskir sósíalistar voru sendir til Moskvu til að læra fræðin og fá línuna. Er ekki kominn tími til að senda núverandi ráðamenn Íslands þangað til að skilja mikilvægi hagvaxtar og fjárfestinga – fá línuna eins og forðum?"

Ríkisútvarpið átti við mig viðtal um málið. Ég sagði þar að það væri of stórt skref að taka upp 13% tekjuskatt hér og ég hefði aldrei lagt til að tekið yrði upp rússneskt stjórnkerfi eins og sumir þeirra héldu fram sem andmæltu greininni. Mér þótti ástæða til að benda á að Íslendingar yrðu ekki skattlagðir út úr kreppunni eins og stjórnvöld stefndu að.

En svo ég víki aftur að Moskvuheimsókn okkar fulltrúa Samtaka iðnaðarins (SI) þá er þess að geta að við fengum ákaflega góðar viðtökur hvar sem við komum. Sendiherra Rússa á Íslandi opnaði allar dyr fyrir okkur og Albert Jónsson, nýr sendiherra Íslands í Moskvu, var okkur afar hjálplegur. Forsvarsmenn samtaka og fyrirtækja sem við heimsóttum lögðu sig greinilega fram um að láta okkur finna að við værum velkomin.

Guðrún Hafsteinsdóttir sem var í okkar hópi, þá stjórnarmaður í SI og síðar formaður, veitti því athygli að enginn viðmælenda okkar brosti. Allir voru alvarlegir og þungir á svipinn. Hún færði þetta í tal við Íslending sem við hittum en hann hafði búið í Rússlandi mjög lengi. Guðrún sagði við manninn að hún væri alltaf að brosa til fólksins sem við hittum og sýna með því jákvæðni, en enginn brosti á móti. Þá sagði Íslendingurinn: „Guðrún mín, þú verður að átta þig á því að þessi þjóð hefur liðið hungursneyð og gengið í gegnum borgarastyrjaldir og hörmungar. Hér brosa engir nema fávitar og gleðikonur."

Hvorki Guðrún né nokkur annar sást brosa meira í ferðinni!

Neshlaup

Trimmklúbbs Seltjarnarness

Neshlaupið verður laugardaginn 4. maí
Ræst kl. 11 við sundlaug Seltjarnarness

Þrír valkostir: 3,25km, 7,5km og 15km með tímatöku.

Forskráning er opin á hlaup.is fram til kl. 21:00 föstudaginn 3. maí.

Afhending hlaupagagna og skráning á staðnum fer fram í Sundlaug Seltjarnarness frá kl. 09:00 - 10:30 á hlaupadaginn.

Frítt fyrir börn og ungmenni (fædd 2003 eða síðar) Þátttökugjald fyrir fullorðna er 1.500 kr. miðað við forskráningu en kr. 2.000 ef skráning fer á staðnum. Neshlaupið er fjölskylduvæn skemmtun og hvetjum við foreldra og skólabörn sérstaklega til þátttöku en allir geta valið sér vegalengd við hæfi.

Fjölmargir útdráttarvinningar

Hvað borða börnin okkar?

- ný úttekt á mötuneyti grunn- og leikskólans

Guðrún Þóra Hjaltadóttir, næringarráðgjafi, gerði á dögunum úttekt á mötuneyti grunn- og leikskóla á Seltjarnarnesi. Í úttektarskýrslu hennar "Hvað borða börnin okkar?" eru sérstaklega dregnar fram upplýsingar um hráefni og næringargildi máltíða og hversu mikið nemendur nærast.

Fram kemur að matseðlar eru að mestu eins og ráðleggingar landlæknis segja til um með fiski, kjöti, spónamat og einstaka sinnum grænmetisréttum. Af þeim mælingum sem voru gerðar sést að nemendur borða mismikið og mörg undir næringarþörf. Starfsmenn mötuneytisins leggja sig fram við að gera nemendum til hæfis og tekið er fram að það sé mikill kostur að kennarar séu með þeim í matsal og fylgist með neyslu þeirra. Skýrsluna má lesa í heild á slóðinni: www.seltjarnarnes.is/frettirogutgefidefni/skyrslur/menntamal/

www.n1.is facebook.com/enneinn

Michelin CrossClimate+
- Sumardekk fyrir norðlægar slóðir
- Öryggi frá fyrsta til síðasta kílómetra
- Halda eiginleikum sínum vel út líftímann
- Gott grip við flest allar aðstæður
- Endingarbestu sumardekkin á markaðnum

Michelin Primacy 4
- Öryggi frá fyrsta til síðasta kílómetra
- Frábært grip og góð vatnslosun
- Einstakir aksturseiginleikar

Michelin Pilot Sport 4
- Sumardekk fyrir þá kröfuhörðustu
- Gefa óviðjafnanlega aksturseiginleika
- Frábært grip og góð vatnslosun
- Endingarbestu dekkin á markaðnum í sínum flokki

Notaðu N1 kortið

Hjólbarðaþjónusta N1

Bíldshöfða	440-1318	Langatanga Mosfellsbæ	440-1378
Fellsmúla	440-1322	Reykjavíkurvegi Hafnarfirði	440-1374
Réttarhálsi	440-1326	Grænásbraut Reykjanesbæ	440-1372
Ægisíðu	440-1320	Dalbraut Akranesi	440-1394
		Réttarhvammi Akureyri	440-1433

Alltaf til staðar N1

Passíusálmarnir lesnir á föstudaginn langa

Allir 50 Passíusálmar sr. Hallgríms Péturssonar verða lesnir upp í heyrenda hljóði í Seltjarnarneskirkju á Föstudaginn langa nú eins og mörg undanfarin ár. Lesturinn hefst kl. 13 og stendur fram undir kl. 18.

Ungir og þeir sem eldri eru geta staðið við og hlýtt á lesturinn lengur eða skemur eftir aðstæðum. Fögur tónlist er milli lestra. Kaffiveitingar og ávaxtasafi í safnaðarheimilinu. Hallgrímur Pétursson (1614 til 1674) var mesta sálmaskáld Íslendinga. Passíusálmar hans þykja einstætt afrek. Þeir voru fyrst gefnir út á prenti árið 1666 en nú meira en hundrað sinnum á íslensku, auk þýðinga á mörg tungumál. Hallgrímur bjó lengst af við fátækt og fékk prestsvígslu þótt hann lyki aldrei formlega prófi. Hin tignarlega Hallgrímskirkja í Reykjavík er nefnd eftir honum og fleiri kirkjur. Góð aðsókn hefur verið að lestrinum undanfarin ár.

www.systrasamlagid.is

Frá Tónlistarskóla Seltjarnarness

Nú stendur yfir innritun í Tónlistarskóla Seltjarnarness fyrir skólaárið 2019-2020. Innritunin fer fram á www.seltjarnarnes.is undir Minar síður í hægra horni efst.

Nánari upplýsingar á skrifstofu skólans alla virka daga frá kl. 11:00 - 15:00

Skólastjóri

Tónlistarskóli Seltjarnarness við Skólabraut
Sími 5959-235 • tonlistarskolinn@seltjarnarnes.is
www.seltjarnarnes.is/tonlistarskoli

Rauði krossinn leitar eftir sjálfboðaliðum í fjölbreytt verkefni

Rauði krossinn á Íslandi leitar að einstaklingum til að sinna fjölbreyttum sjálfboðastörfum á sviði mannúðarmála um land allt.

Við leitum eftir ábyrgum einstaklingum með fjölbreyttan bakgrunn í verkefni á borð við Konukot, neyðarvarnir, félagsstarf fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd, Hjálparsímann 1717, opið hús fyrir innflytjendur og flóttafólk, námsaðstoð fyrir börn, félagsvini eftir afplánun, ungmennastarf, fatabúðir, prjónahópa o.fl. Aðrar hæfniskröfur eru eftirfarandi:

- **Vilji til að vinna samkvæmt grundvallarhugsjónum Rauða krossins**
- **Fjölbreytt lífsreynsla og þekking sem nýtist í starfi**
- **Brennandi áhugi á mannúðarmálum**
- **Hæfni í mannlegum samskiptum**
- **Vilji til að auka hæfni, reynslu og efla tengslanet**
- **Sjálfstæði og frumkvæði**

Frekari upplýsingar og umsóknareyðublað má finna á www.raudikrossinn.is/taktu-thatt/

Tekið er á móti umsóknum allt árið um kring og öllum umsækjendum er svarað.

RAUÐI KROSSINN ÍSLANDI

Nesfréttir www.borgarblod.is

FALLEGIR LEGSTEINAR

Opið: 10-17
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Ekki gera ekki neitt!

Um miðjan mars gengu á annað þúsund ungmenni fylktu liði að Austurvelli og mótmæltu aðgerðarleysi stjórnvalda í loftslagsmálum. Meðal ungmenna voru ungir Nesbúar sem fannst skólayfirvöld ekki sýna málstað þeirra skilning en mótmælin voru hluti af skólaverkfalli sem fór fram í meira en tvö þúsund borgum og bæjum í meira en hundrað löndum um allan heim. Forsprakki verkfallsins, hin sænska Greta Thunberg, hefur nú verið tilnefnd til friðarverðlauna Nóbels.

Ungmennin krefjast með þessu verkfalli athygli okkar fullorðna fólksins sem í dag tekur ákvarðanir um framtíð þeirra. Skilaboðin til okkar eru skýr: Framtíðin er svört. Áframhaldandi loftslagsbreytingar munu skila þeim framtíð sem við fullorðna fólkið myndum sjálf ekki sætta okkur við. Ungmennin biðja okkur vinsamlegast að takast á við þessa annars fordæmalausu áskorun með öllum ráðum og dáðum.

Ábyrgð Seltjarnarnesbæjar síst minni en annarra

Parísarsamkomulagið sem Ísland undirritaði í desember 2015 felur m.a. í sér áætlanir um varnir gegn áhrifum loftslagsbreytinga, en samkomulagið tekur gildi árið 2020. Ábyrgð borga og bæja, stofnana og fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum, er mikil þegar kemur að því að uppfylla þau alþjóðlegu markmið sem sett hafa verið. Ábyrgð Seltjarnarnesbæjar er síst minni en annarra, því þó lítið sé að gerast fyrir utan gluggann okkar akkúrat í dag er Nesið umvafið hafi, óvarið veðrum og vindum og því munu afleiðingar loftslagsbreytinga fyrr en síðar hafa bein áhrif á bæinn og allt samfélag hans.

Umhverfisnefnd Seltjarnarnesbæjar hefur um hríð haft hug á því að vinna tillögu að loftslagsstefnu fyrri bæinn. Forsenda þess að slík stefna nái markmiðum sínum er að hún sé aðgerðabundin en markvissar aðgerðir þurfa þar á móti að byggja á raunverulegum upplýsingum um stöðu mála.

Umhverfisnefnd vill taka upp rafræna umhverfislausn

Sumarið 2018 lagði Samfylkingin fram tillögu þess efnis að bærinn tæki upp rafræna umhverfislausn sem næði yfir starfsemi allra starfsstaða sveitarfélagsins. Með slíkum hugbúnaði væri hægt að halda grænt bókhald sem gerði okkur kleift að ná utan um öll umhverfisgögn og þar með kalla fram upplýsingar um raunverulegt vistspor bæjarins. Umhverfisgögn yrðu hið minnsta magntölur um heitt og kalt vatn, fráveitu, rafmagn, bíla, eldsneyti, pappír, hverskonar sorp og úrgang, ræsti- og rekstrarvörur, og efni sem bærinn notar til framkvæmda s.s. malbik, grjót, eitur, kvikasilfurljósaperur.

Umhverfisnefnd hefur beint því til bæjarstjórn-ar, sem nú hefur beint því til umfjöllunar í bæjarráði, að taka upp rafræna umhverfislausn enda munu þau gögn sem þá verður hægt að draga saman, allt aftur til ársins 2013, mynda beinagrind sem hægt verður að leggja til grundvallar loftslagsstefnu fyrir sveitarfélagið. Aðgerðir sem bundnar verða stefnunni munu ekki aðeins vera umhverfinu til góða heldur getur rekstrarávinningur sem af þeim hlýst mögulega verið töluverður fyrir sveitarfélagið.

Karen María Jónsdóttir.

Loftslagsbreytingar drifnar af neyslumynstri

Loftslagsbreytingar eru drifnar af neyslumynstri okkar mannfólksins, sem aftur heldur uppi hagvexti en út frá honum metum við árangur okkar hagkerfis. Ungmennin sem nú mótmæla benda okkur á að þörf sé á róttækri kerfisbreytingu þar sem árangur er m.a. metinn á grænum forsendum.

Samfylkingin vill beina Seltjarnarnesbæ inn á framsæknar brautir og taka upp hugmyndafræði sjálfbærni í rekstri sveitarfélagsins. Burðarás sjálfbærni byggir á þekkingu og skilningi á samspili efnahagslegra, samfélagslegra, menningarlegra og umhverfislegra þátta sem þurfa að vera í jafnvægi í rekstrinum í heild sinni. Samfylkingin hefur því einnig lagt til að ársfjórðungslega verði dregnar út umhverfisskýrslur til yfirferðar og endurmats, auk þess sem ársskýrsla verði birt samhliða fjárhagsuppgjöri sveitarfélagsins á hverju ári.

Við viljum getað horft í augun á börnunum okkar eftir 40 ár og sagt: „Við reyndum“

Karen María Jónsdóttir skipar 4. sætið á lista Samfylkingar Seltirninga

UMFERÐ HUNDA OG KATTA 2019

ORÐSENDING TIL HUNDA- OG KATTAEIGENDA

Að gefnu tilefni vill umhverfisnefnd Seltjarnarness ítreka að frá og með 1. maí til 15. júlí er með öllu óheimilt að vera með hunda á þeim svæðum sem tilgreind eru á þessu korti. Kattaeigendur eru hvattir til að setja á þá bjöllu og halda þeim frá þessum svæðum sé þess kostur.

ÞETTA ER VEGNA VARPFUGLA

HUNDABANN GILDIR Í GRÓTTU ALLT ÁRIÐ

LAUSAGANGA HUNDA ER ALGERLEGA BÖNNUÐ Á SELTJARNARNESI

Krydd fyrir VEGAN matreiðslu

Fiesta de Mexico hentar frábærlega á allt grænmeti.

Arabískar nætur er sjö kryddablandan ættuð frá Líbanon. Líbanir nota það mest í grænmetisrétti.

Reykt paprika bítur aðeins en er góð í marga grænmetisrétti.

Eðalsteik og grillblandan er góð fyrir tofusteikina.

Fiskikrydd er frábært í grænmetissúpur og grænmetisrrétti.

Lamb Islandia og Kalkúnakryddið er frábært á alla kartöflurétti og á kjúklingabauna rétti.

Benda skal á að öll stök krydd henta í VEGAN matreiðslu s.s. origano, basilikum, steinselja og fleiri.
Töfrakryddið, Krydd lífsins, Franska kartöflukryddið og Ítalskt panini henta ekki í VEGAN matreiðslu því þau innihalda ostaduft.

Kryddin frá okkur eru ómissandi í eldhúsið hjá ykkur

Nesfréttir Auglýsingasími 511 1188

Útfararþjónusta
& lögfræðiþjónusta

Útfararstofa Kirkjugarðanna

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Með kærleik og virðingu

Útfararstofa Kirkjugarðanna
Vesturhlíð 9, Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

Þátttaka í öllu félagsstarfi eldri bæjarbúa hefur verið mjög góð í vetur, en aldrei er það svo að við náum til allra en alltaf er pláss fyrir fleiri. Á einum mánuði má lauslega áætla að rúmlega 2000 manns taki þátt í félags og tómstundastarfi eldri bæjarbúa hér á Nesinu á einn eða annan hátt.

Þrátt fyrir þær fréttir í liðnum mánuði að Seltjarnarnes teldist til óhamingjusömustu sveitarfélaga á landinu þá er hlutfall hamingjusamra eftirlaunaþega í næst efsta sæti á eftir atvinnurekendum miðað við þessa könnun sem gerð var fyrir Landlæknisembættið. Í þriðja sæti voru svo heimavinnandi einstaklingar og launþegar í því fjórða.

"Óvissuferðin" í mars sem farin var í ný húsakynni Stöðvar2, við Suðurlandsbraut var bæði fróðleg og skemmtileg. Mjög vel var tekið á móti hópnum af þeim Þóri Guðmundssyni og Kristjáni Má Unnarssyni sem kynntu og leiddu fólk um ýmsa kunnuglega staði en bara hinum megin við skjáinn sem var bæði fróðlegt og skemmtilegt. Eftir heimsóknina á Stöð2 var keyrt út á Granda, þar sem kaffi og meðlæti beið okkar í Marshallhúsinu, en þar bauðst hópnum einnig að skoða sýningu Nýlistasafnsins, Kling og Bang og vinnustofu Ólafs Elíassonar. Sólríkur og góður dagur.

Bingóið í Golfskálanum var þriðjudaginn 2. apríl, í nýjum og endurbættum golfskála. Haukur Óskarsson á bestu þakkir fyrir móttökurnar, en Haukur og klúbburinn hefur boðið eldri borgurum í bingó í skálanum tvisvar á ári, þ.e. vor og haust og er það alltaf tilhlökkun.

4. apríl var svo komið að spilakvöldi Vörðunnar, slysavarnardeildar kvenna í aðstöðu félagsstarfsins á Skólabrautinni. Að venju var margt um manninn og spilað á 10 borðum. Í hléi svignaði veisluborðið undan krásunum sem í boði voru. Sendum okkar bestu þakkir til Vörðukvenna og allra þeirra sem að þessu kvöldi komu. Öryggismiðstöðin verður með kynningu fyrir eldri borgara á öryggisþjónustu, hjálpartækjum og almennri velferðartækni í salnum á Skólabraut fimmtudaginn 11. apríl milli kl. 13.00 og 14.00.

Þann 15. apríl er svo komið að páskaeggjabingóinu í safnaðarheimili kirkjunnar. Bingóið hefst kl. 19.30 og er fjöldi páskaeggja í vinning og allir velkomnir.

Ungmennaráð og skólafólkið okkar skipuleggur venjulega síðasta miðvikudagskvöld í mánuði með eldri borgurum. Þar sem síðasta miðvikudag í þessum mánuði ber upp á síðasta vetrardag og prófanir að byrja hjá krökkunum þá fellur stundin niður að þessu sinni. Næsta samverustund verður í maí.

Á þriðjudögum undanfarna mánuði hafa þrjár dugnaðarkonur með óbilandi áhuga á bókum vanið komu sína í aðstöðu félagsstarfsins á Skólabraut. Tilgangur heimsóknanna er að koma skikki og reglu á bókahornið. Eru þær búnar að yfirfara og flokka allar bækur, merkja allar hillur, endurraða og skipuleggja upp á nýtt. Frábært verk og vel unnið. Bestu þakkir til ykkar Halldóra, Ása og Lilja.

Fólk er hvatt til að kíkja í hornið sem er fullt af áhugaverðum bókum bæði nýjum og eldri.

Fastir liðir dagskrárinnar halda sínum dagsetningum og tímum í apríl en engin dagskrá verður í félagsstarfinu yfir páskana. Í maí verður breyting á dagsetningu vorhátíðarinnar sem fyrirhuguð var 9. maí, verður viku seinna eða 16. maí.

Í maí er einnig ferðin sem félagsstarfið og kirkjan skipuleggja saman og verður hún þriðjudaginn 21. maí. Dagskrá ferðarinnar er enn í mótun en til stendur að byrja í safnaðarheimili Árbæjarkirkju, aka um Hvalfjarðarsveit og að Innrimel, samgöngusafnið og kirkjan í Borgarnesi heimsótt, Hótel Hamar og Laxárbakki. Fullmótuð dagskrá og skráningarblöð verða lögð fram um mánaðamótin.

Árleg handverkssýning verður svo í salnum á Skólabraut dagana 30. og 31. maí og 1. júní og verður opin kl. 13.00 – 17.00 alla dagana.

Allar upplýsingar varðandi dagskrána eru á gulu blöðunum, inni á heimasíðu Seltjarnarnesbæjar, á fb. Eldri borgarar Seltjarnarnesi, í Morgunblaðinu /félagslíf eldri borgara bæði í blaða og netútgáfu. Einnig er alltaf stiklað á stóru í dagskránni hér í Nesfréttum. Einnig eru allir velkomnir í aðstöðu félagsstarfsins á Skólabraut.

Þeir sem luma á góðum hugmyndum fyrir dagskrá félags og tómstundastarf eldri borgara komi þeim á framfæri til forstöðumanns: kristin.hannesdottir@seltjarnarnes.is

Gleðilegt sumar.

HUMBAUR

Kerrurnar frábæru frá Humbaur eru til á lager!

Startrailer 1280
750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm.
Verð: 121.888 kr. án vsk.

Gerð 1376
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 205x131x35 cm.
Verð: 169.355 kr. án vsk.

Gerð 1374
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 201.612 kr. án vsk.

Gerð 1384
Sturtanleg.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 229.839 kr. án vsk.

Gerð 1339
Opnanleg að framan.
1300 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 350.807 kr. án vsk.,
en með skráningu.

Gerð 2331
Opnanleg að framan.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 431.452 kr. án vsk.,
en með skráningu.

Flatvagnar
Ýmsar gerðir og stærðir,
frá 2000 kg. 3.1x1.65m.
Verð kr: 444.000 kr. án vsk.,
en með skráningu.

Topplausnir

Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is

Nýtt hjúkrunarheimili Seltjarnarnesi

Spennandi störf í boði

Hjúkrunarfræðingar – Sjúkraliðar

Leitað er eftir áhugasömu fólki til starfa
á nýja 40 rýma hjúkrunarheimilinu
að Safnatröð 1 á Seltjarnarnesi.

Í boði er dagvinna- kvöld- helgar- og næturvaktir.

Upplýsingar gefur Svanlaug Guðnadóttir,
framkvæmdastjóri hjúkrunar og
Kristín Sigurþórsdóttir mannauðsstjóri: sími 560-4107.

Sótt er um á heimasíðu **www//sunnuhlid.is**
merkt Nes-fyrir framan starfið sem sótt er um.

Hjúkrunarheimilið Seltjarnarnesi, Safnatröð 1, 170 Seltjarnarnes

GRÓTTUSÍÐAN

www.grottasport.is

Íslandsbankamót Gróttu í annað sinn á Vivaldivellinum

Um 470 stelpur lögðu leið sína á Vivaldivöllinn sunnudaginn 24. mars og tóku þátt í Íslandsbankamóti Gróttu en það var haldið í annað sinn í ár á Vivaldivellinum.

Mótið var fyrir 6. og 7. flokk kvenna en Grótta, Afturelding, KR, Víkingur, Valur, Keflavík, Leiknir R., Afturelding, Þróttur, Stjarnan, Álftanes, ÍA, Fylkir og ÍR mættu til leiks. Hvert lið spilaði 5 leiki, en 6. flokkur spilaði þétt frá kl. 9-14 og þá tók 7. flokkur við sem spilaði til kl. 17. Stelpurnar voru leystar út með verðlaunapening, AVA-vatni og glaðningi frá Íslandsbanka. Mótið gekk mjög vel og stóðu stelpurnar sig með prýði í hvassviðri. Benedikt Bjarnason tók liðsmyndir á mótinu en þær má nálgast í heild sinni á Facebook síðu knattspyrnudeildarinnar.

SKAUTAHÖLLIN REYKJAVÍK
Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:
Mánud. Þriðjud. og miðvikud.
13:00-14:30
Fimmtudaga
13:00-14:30 og 17:00-19:30
Föstudaga
13:00-14:30
Laugardaga og sunnudaga
13:00-17:00
Skólar og sérhópar:
Mánudag til föstudags 10:00 til 15:00.

1X2
GETRAUNANÚMER GRÓTTU ER 170

Meistaraflokkur karla í æfingaferð á Spáni

Meistaraflokkur karla hélt til Jerez á Spáni í æfingaferð þann 28. mars sl. og dvaldi liðið þar í viku ásamt þjálfurum, sjúkraþjálfara og styrktarþjálfara. Þar var æft við topp aðstæður, að jafnaði tvisvar á dag.

Ferðinni lauk með æfingarleik gegn Vestra sem endaði með 1-2 sigri Vestra, en Arnar Þór skoraði mark Gróttu. Drengirnir voru duglegir að sýna frá ferðinni í instagram-story og má skoða myndir og myndbönd frá henni á instagram.com/grottasport.

Þegar þetta er skrifað er næsta verkefni hjá drengjunum Mjólkurbikarinn, en þeir keppa gegn Álftanesi í fyrstu umferð á Vivaldivellinum þann 11. apríl. Íslandsmótið hefst síðan 5. maí en þá eiga drengirnir útileik gegn Víking Ó.

Þrír Gróttustrákar í Króatíu með U16

Grímur Ingi, Orri Steinn og Kjartan Kári fóru til Króatíu með U16 landsliði Íslands þann 2. apríl. Liðið keppti á æfingamótinu UEFA Development Tournament en Ísland mætti þar Króatíu, Austurríki og Bólivíu. Kjartan og Orri voru í byrjunarliði í fyrsta leik liðsins, gegn Króatíu, en Grímur kom einnig inná í leiknum.

Grímur Ingi Jakobsson, Orri Steinn Óskarsson og Kjartan Kári Halldórsson.

Orri skoraði úr víti í fyrri hálfleik sem hann fiskaði sjálfur en leikurinn tapaðist 4-3. Í öðrum leik mættu drengirnir Bólivíu og þar var Grímur Ingi í byrjunarliði með fyrirliðabandið. Orri og Kjartan komu báðir inn á í leiknum sem vannst 3-0. Síðasti leikur liðsins var gegn Austurríki og þeir Orri og Grímur voru í byrjunarliði Íslands. Ísland var 2-0 undir þegar dæmt var víti sem Orri skoraði úr og minnkaði muninn í 2-1. Leikurinn endaði hins vegar með 4-1 tapi Íslands. Knattspyrnudeild Gróttu óskar drengjunum innilega til hamingju með að hafa verið valdir í þetta verkefni þar sem þeir hafa eflaust sankað að sér dýrmætri reynslu.

Lífræn verslun og kaffihús í 101

Allt úr besta hráefninu

Ómótstæðilegir

Lífrænn undursamlegur jógafatnaður

Jógadýnur og fylgihlutir úr umhverfisvænum niðsterkum korki

Möntruhringir sem eru líka hálsmen

Möntrubönd í úrvali

Þar sem andinn býr í efninu

BLÁR DRYKKUR Á BOÐEFNABARNUM GEGN BLÚS

Systrasamlagið

Afgreiðslutími:
Mán: 9.30-16
Þri-fös: 9.30-18
Lau 11-16

ÓÐINSGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Anna Ingibjörg Þorgeirsdóttir. Hún var á dögunum valinn söngvari Músiktilrauna 2019 og hljómsveitin Konfekt sem hún er í lenti í 2. sæti í Músiktilraunum. Anna Ingibjörg er fædd og uppalin á Seltjarnarnesi. Hún verð 21 árs í sumar og stundar nám í verkfræði við Háskóla Íslands.

Fullt nafn? Anna Ingibjörg Þorgeirsdóttir.
Fæðingard. og ár? 29. júlí, 1998.
Starf? Námsmaður á veturna en síðustu sumur hef ég verið að vinna í Bláa lóninu. Ætla að vinna í veiðihúsi í Borgarfirði í sumar.
Farartæki? Bílar foreldra minna.
Helstu kostir? Þolinmæði og jákvæðni.
Eftirlætis matur? Hreindýr og sushi.
Eftirlætis tónlist? Ég er nokkurn veginn alæta á tónlist en hef lengi haldið upp á Prince.
Eftirlætis íþróttamaður? Katrín Tanja.
Skemmtilegasta sjónvarpsefnið? Game of Thrones og The office.
Besta bók sem þú hefur lesið? To Kill a Mockingbird.
Uppáhalds leikari? Jennifer Lawrence.
Besta kvikmynd sem þú hefur séð? Forrest Gump klikkar ekki.
Hvað gerir þú í frístundum þínum? Slaka á með vinum, spila á pianó og gítar.
Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Hreðavatn í Borgarfirði.
Hvað metur þú mest í fari annarra? Heiðarleika og jákvæðni.
Hvern vildir þú helst hitta? Langafa minn Ingvar Vilhjálmsson.
Uppáhalds vefsíða? Youtube.com og Netflix.com
Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf? Alltaf gaman að fá græjur tengdar tónlist.
Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 10 milljónir í happdrætti? Leggja þær inná banka og hugsa málið…. kannski kaupa mér hljómborð.
Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag? Setja upp góðan körfuboltavöll ef hann er ekki nú þegar til staðar.
Að hverju stefnir þú í framtíðinni? Klára námið, halda áfram í tónlist og njóta lífsins.
Hvað gerðir þú í sumarfríinu? Fór til Flórída og að sjálfsögðu upp í sveit.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Sverrir Einarsson

Margrét Á. Guðjónsd.

Kristín Ingólfsdóttir

Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999

S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

Umhverfisvottuð málning

GJØCO

Það er lítið mál að mála!

HÚS OG HÍBÝLI

Litur aprílmánaðar

Herragarður

Einar Loftsson
Málarameistari og deildarstjóri málningardeild Granda

OPIÐ

VIRKA DAGA **8-18:30**
LAUGARDAGA **10-18**
SUNNUDAGA **11-17**

SJÁ PÁSKAOPNUN Á WWW.BYKO.IS

BYKO GRANDI

KOMDU Í HEIMSÓKN!